

*„ÍTR-Torgið“
Módel ÍTR að virkniverkefnum
fyrir unga atvinnuleitendur.
Grunnupplýsingar fyrir ráðgjafa.*

I ÍTR-Torgið - Forsendur og markmið:

Forsendur:

Ungir atvinnuleitendur eru í sérstökum áhættuhópi er varðar þátttöku í atvinnulífinu til lengri tíma litið (sbr. rannsóknir á afdrifum og virkni ungra atvinnuleitenda í Finnlandi eftir kreppuna 1992-1995). Vinnuálastofnun (VMST) heldur úti sérstöku átaki „Ungt fólk til athafna“ - fyrir aldurshópin 16-29 ára, í því skyni að virkja ungt fólk á meðan það er í atvinnuleit.

„Ungt fólk til athafna“ (www.vmst.is) býður upp á fjölbreytt úrval 7-8 vikna námskeiða, sem fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök skipuleggja og halda utan um. Val á virkní-úrræðum fer fram í samtali atvinnuleitandans og virkniráðgjafa. Atvinnuleitendur halda bótum sínum á meðan á þátttöku í virkniverkefnum stendur.

Markmið:

Markmið þessa módelis er að ÍTR (Íþróttá- og tómsfundasvið Reykjavíkur) bjóði upp á virkní-úrræði fyrir ungt fólk í atvinnuleit (18-29 ára), þar sem sviðið vinnur heildrænt að móttöku ung fólks sem og fræðslu, námi og vinnustaðanámi. Vettvangur heildrænu móttökunnar kallast „ÍTR-Torgið“.

Markmið ÍTR-Torgsins er að hvetja og styðja þátttakendur til virkrar atvinnuþátttöku eða endurkomu að námi. Þjálfun á vinnustöðum, ásamt hóp- og einstaklingsvinnu við að finna lífi sínu farveg, bætir stöðu þeirra á vinnumarkaði mest þegar til lengri tíma litið.

II ÍTR-Torgið: Virkní-úrræði fyrir ungt fólk - Nánari skýring á módelinu -

1 ÍTR-Torgið:

Torgið er aðgangur eða forsalur atvinnuleitenda að virkní-úrræðum ÍTR. Þar fer umsýsla verkefnisins og starfsmannahald fram, og þaðan fara þátttakendur á vinnustaði ÍTR, þ.e.a.s. í tiltekin úrræði. Forsalinn má opna fyrir nýja hópa á 4-6 vikna fresti eða þegar ítölu er náð. Einnig er hugsanlegt að einstaklingar kæmu einir í forsalinn og þegar heppilegri hópastærð er náð, hefjist hið eiginlega hópferli.

Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að þátttakendur sem lokið hafa einu 8 vikna ferli, geti komið aftur inn á Torgið og haldið áfram á svipaðri línu og þeir voru á áður, eða hafið nýtt þjálfunarferli. Stjórnendur Torgsins væru eftir sem áður þeir sömu og allir kostir kunnugleika og þekktis umhverfis væru áfram til staðar.

1 + 6 + 1

Stendur fyrir 8 vikna námskeið þar sem fyrsta vikan fer fram á torginu, næstu sex vikur felast í vinnustaðanámi á starfsstöðum ÍTR og að endingu er ein vika þar sem námskeiðið er metið, síðan er horft til framtíðar.

1 Allir hópar hefja veru sína hjá ÍTR með viku námskeiði á ÍTR-Torginu þar sem hópurinn er hristur saman og almenn sjálfstyrking fer fram.

+ 6 Vinnustaðanámi á starfsstöðum ÍTR eða í smiðjum Torgsins. Á Torginu fara einnig fram sértæk námskeið, kynningar á ýmsum virknimöguleikum og önnur hvatning/styrking fyrir þátttakendurna.

+ 1 Allir hópar enda sín námskeið eða verkefni með lokaviku á ÍTR-Torginu fyrir útskrift og afhendingu þátttökuskírteina.

Umsjónarmenn Torgsins hanna og útfæra skírteini sem þátttakendur fá í lok námskeiðs til staðfestingar á þátttöku sinni. Þar verður beitt bestu viðmiðum um útfærslu skírteina og vottun á færni, í anda þess sem best gerist í vottun „non-formal“ námsferla (t.d. í Evrópu, sbr. Europass).

Allir þátttakendur fá tengilið á vinnustað og starfsmenn Torgsins verða í reglulegu sambandi við báða, t.a.m á tveggja vikna fresti meðan þátttakendur eru úti á starfsstöðum. Hér erum við að líta til „fóstra-kerfisins“ sem notað hefur verið við þjálfun nýrra starfsmanna hjá ÍTR - eða einhvers konar „buddy“-kerfis, þ.e. þar sem reyndur starfsmaður gætir þess sem er í vinnustaðanáminu.

Umsjónarmenn Torgsins hafa yfirumsjón með virkniverkefnum ÍTR, þ.e.a.s. vinnustöðum í smiðjum og starfsmönnum þar, sem og þátttakendum í verkefnum og umsjónarmönnum (fóstra) þeirra. Vinnustaðaheimsóknir og samtöl við þátttakendur og umsjónarmenn fara reglulega fram meðan á virkniverkefninu stendur.

Hvað fer fram á „Torginu“?

1. Torgið tekur á móti, m.ö.o. innritar og útskrifar hópa sem velja ÍTR.
2. Allir hópar hefja og enda veru sína hjá ÍTR á torginu. Í upphafi fara fram kynningar á starfseminni, hópefli, kortlagning þátttakenda, o.s.frv.
3. Torgið er vettvangur tilfallandi námskeiða (t.d. skyndihjálpi), fræðslu (e-ð úr fræðslukerfi ÍTR), kynningar (t.d. kynningar á áhugaverðum tómsundaúrræðum og áhugamálum) eða möguleikum á áhugaverðum og þroskandi upplifunum (t.d. Evrópuverkefni, sjálfboðaliðastörf). *
4. Ráðgjöf við þátttakendur og samskipti við vinnustaði og tilvísendur.
5. Kennsla, t.d. í tengslum við skipulagða fræðslu.

* Minni námskeið og fræðsla sem þátttakendum er boðin, meðan þeir eru í vinnustaðanámi eða í virkni-úrræðum er þeim að kostnaðarlausu.

2 Vinnustaðirnir: *Starfsþjálfun – virkni - vinna*

Allir þátttakendur ÍTR-Torgsins taka að sjálfsögðu þátt í námskeiðum Torgsins í upphafs- og loka vikunni. Af Torginu liggur leiðin í vinnustaðanámið eða önnur úrræði, sem verða á okkar vegum. Það eru starfstaðir ÍTR s.s. æskulýðshluti ÍTR eða frístundamiðstöðvar, íþróttamannvirki; þ.e. íþróttahús og – vellir, sundstaðir, skíðasvæði og úrræði og smiðjur sem við komum sjálf á fót. Um sex leiðir er að ræða eftir að verunni á Torginu lýkur, en leiðirnar mótast af markmiðum og áhugasviðum þátttakendanna.

2-1 *Smiðjur:*

Boðið verður upp á 3 smiðjur, þar sem ‚sérfræðingar‘ verða með verkstjórn og umsjón. Þekking, húsnæði og önnur aðstaða (tæki og tól) ræður hvar smiðjan væri staðsett en að nýta úrræðin væri sameiginleg. Best væri að geta ráðið umsjónarmenn til lengri tíma, þannig gætu þeir myndað ‚rauðan þráð‘ í starfsemi smiðjunnar.

2-1-1 *Viðburðastjórnun - Vinnustaðanámi í smiðju*

Lýsing á smiðju

Þátttakendur fá tækifæri til að undirbúa og framkvæma viðburði, bæði hefðbundna viðburði eins og Skrekk (hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík) og tilfallandi uppákomur. Fjallað er um ýmsa þætti viðburðarstjórnunar, markaðsstarf, gerð auglýsinga og annars kynningarefnis.

Markmið: Að fá tækifæri til að undirbúa og framkvæma viðburði ásamt því að fræðast um ýmsa þætti viðburðastjórnunar.

2-1-2 *Útivist og heilsa – Vinnustaðanámi í smiðju*

Lýsing á smiðju

Fjallað er um útivist og heilsu með fjölbreyttum hætti. Þátttakendur eru mikið úti og glíma við fjölbreytt verkefni, s.s. göngu- og hjólaferðir, tjaldútilegu, útbúnað og rötun, útieldun og veiði. Í boði verður fræðsla um mataræði, næringu, kynlíf og hvernig stuðla má að heilsusamlegum lífstíl.

Markmið: Að fá tækifæri til að stunda ýmis konar útivist, stuðla að heilsusamlegum lífstíl ásamt því að fræðast um ýmsa þætti er tengjast útivist og heilsu.

2-1-3 *Þúsundþjalasmiðir – Vinnustaðanámi í smiðju*

Lýsing á smiðju

Smíða- og vinnuhópurinn glímur m.a. við að koma upp aðstöðu og/eða aðstoða við verklegar framkvæmdir er tengjast viðburðum eða menningu ungs fólks. Þátttakendur fá leiðsögn varðandi vinnu- og verklag við einfaldar smíðar, viðgerðir og viðhald sem gagnast í daglegu lífi.

Markmið: Að öðlast færni í einföldum viðgerðum og taka þátt í uppbyggingu á aðstöðu og verkefnum sem gagnast ungu fólki.

2-2 Starfsþjálfun í æskulýðs- og íþróttageira:

2-2-1 Frístundir og barnamenning – Vinnustaðanám á frístundaheimilum

Lýsing á vinnustaðanámi

Finnst þér skemmtilegt að leika þér? Frístundaheimilin bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf við alla grunnskóla borgarinnar, þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Í vinnustaðanáminu felst að taka þátt í að sinna börnunum, leika við og styðja þau í þeirra verkefnum. Hæfileikar á sviði leiklistar, skapandi iðju af ýmsum toga ásamt áhuga á börnum og verkefnum þeirra nýtist vel í þessu starfi.

Markmið: Að kynnast og taka þátt í uppeldislegu starfi hjá frístundaheimilum ÍTR. Þátttakandi fær tengilið á vinnustað sem leiðbeinir honum og styður í starfi.

2-2-2 Frístundir og unglíngamenning – Vinnustaðanám í félagsmiðstöðum

Lýsing á vinnustaðanámi

Vinnustaðanámið býður upp á skemmtilegt og fjölbreytt verkefni með unglíngum. Félagsmiðstöðvar eru staður þar sem unglíngar geta komið, slakað á og hitt jafnaldra sína, auk þess geta þeir stundað þar ýmis spil og leiki sem eru á staðnum. Félagsmiðstöðvar bjóða einnig upp á ýmis skammtímaverkefni og klúbbastarf sem tengist áhugamálum unglínga og ungs fólks.

Markmið: Að kynnast og taka þátt í frístundastarfi félagsmiðstöðva með börnum og unglíngum í Reykjavík.

2-2-3 Frítímaþjónusta - Vinnustaðanám á sundstöðum og íþróttahúsum

Lýsing á vinnustaðanámi

Vinnustaðanámið fer fram í lifandi og skemmtilegu umhverfi íþróttamannvirkja sem ÍTR rekur um alla borg. Störfin eru í sundlaugum og íþróttahúsum. Störfin eru margskonar og í þeim getur falist þjónusta við viðskiptavinum, eftirlit og þríf.

Markmið: Að kynnast og taka þátt í frítímaþjónustu ÍTR á sundstöðum og íþróttahúsum.

Umsjónarmenn ÍTR-torgsins, í ágúst 2010.